



Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis
Sendandi: Innviðaráðuneytið

Dagsetning:30. janúar 2024
Málsnúmer: IRN24010094

Tilgangur: Til upplýsingar

Fyrir hönd velferðarnefndar Alþingis hefur verið óskað eftir upplýsingum um þann hóp íbúa í Grindavík sem þegar hefur sótt um sértækan húsnæðisstuðning.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka hámarksstuðning úr 75% af leigufjárhæð í 90% af leigufjárhæð. Auk þess er gert ráð fyrir að fjölga um tvo flokka eftir fjölda einstaklinga í heimili þar sem við bætast flokkar fyrir 5 í heimili og 6 eða fleiri í heimili.

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun munu 476 heimili fá sértækan húsnæðisstuðning greiddan þann 1. febrúar og nema greiðslur og leigufjárhæðir í krónum á mánaðargrunni eftirfarandi:

Fjöldi í heimili	Fjöldi heimila	Leigufjárhæð á mánuði, meðaltal	Sértækur húsnæðisstuðningur		Fjöldi m. minna en 75% af leigu		Fjöldi með minna en 90% af leigu eftir breytingu
			Meðaltal fyrir breytingu	Meðaltal eftir breytingu mv. frumvarp	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	
1	55	187.513	133.216	142.536	13	13	38
2	112	236.741	175.953	197.643	33	33	64
3	111	272.010	194.888	216.441	19	19	65
4	117	307.213	204.716	223.071	46	46	77
5	63	305.982	212.526	234.055	18	8	34
6	13	321.592	221.452	251.474	5	1	6
7	4	336.750	183.000	206.475	3	0	3
8	1	320.000	236.250	252.000	0	0	0

Samtals **476**

Hér að neðan má sjá upplýsingar um hvernig fjárhæðir breytast ef farin yrði sú leið að hækka hámarksgreiðslur allra heimilisgerða t.d. þannig að fyrir einstaklingsheimili fari hámarksgreiðsla úr 150 þ.kr. í 180 þ.kr. :

Fjöldi í heimili	Fjárhæð er	Fjárhæð verður
1	150.000	180.000
2	198.000	237.600
3	232.500	279.000
4	252.000	302.400
5	272.160	326.592
6 eða fleiri	294.000	352.800



Jafnframt má sjá hver áhrifin yrðu á meðaltal stuðnings eftir stærð heimila. Taflan hér að neðan sýnir áhrifin á mengi heimila sem fá sértækan húsnæðisstuðning þann 1. febrúar miðað við ofangreindar breytingar:

Fjöldi í heimili	Fjöldi heimila	Leigufjárhæð á mánuði, meðaltal	Sértækur húsnæðisstuðningur, meðaltal	Hækkun meðaltals	Fjöldi með minna en 75% af leigu	Fjöldi með minna en 90% af leigu	
1	55	187.513		159.860	17.324	6	13
2	112	236.741		215.061	17.418	8	33
3	111	272.010		233.865	17.424	2	19
4	117	307.213		248.149	25.078	5	46
5	63	305.982		258.691	24.636	0	8
6	13	321.592		269.550	18.076	0	1
7	4	336.750		219.600	13.125	0	0
8	1	320.000		283.500	31.500	0	0
Samtals	476						

Til upplýsinga sýnir eftirfarandi tafla skiptingu heimila sem fengu almennar húsnæðisbætur í dæmigerðum mánuði árið 2023. Hópnnum er skipt eftir fjölda í heimili, en samtals fengu á bilinu 15 – 16 þúsund heimili húsnæðisbætur í hverjum mánuði árið 2023. Sjá má miðgildi leigufjárhæðar sem heimilin greiddu ásamt því hvernig miðgildið hækkar eftir því sem fjölgar í heimili. Til samanburðar eru svo sýndir stuðlar húsnæðisbótakerfisins ásamt grunnfjárhæðum húsnæðisbóta. Tekið skal fram að um greiðslur húsnæðisbóta gilda tekju- og eignamörk sem heimili þurfa að uppfylla. Jafnframt gildir að bótafjárhæð nemur aldrei hærra hlutfalli af leigu en 75%.

Fjöldi í heimili	Fjöldi heimila í dæmigerðum mánuði	Hlutfall heimila	Miðgildi leigu	Hækkun miðgildis	Stuðlar í dag	Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta á mánuði
1	9.794	61,9%	139.000		1,00	40.633
2	2.838	17,9%	185.000	33%	1,32	53.741
3	1.858	11,7%	205.000	47%	1,55	62.916
4	940	5,9%	220.000	58%	1,68	68.159
5	277	1,7%	230.000	65%		68.159
6 eða fleiri	124	0,8%	238.000	71%		68.159
Samtals	15.831	100,0%				